

alls kr. 160.581.54 með 6% ársvöxtum frá 26. júní 1957 til 22. febr. 1960, 8% ársvöxtum frá þeim degi til 29. des. 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. jan. 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 25.000.00, þar í innifalinn kostnaður vegna endurútreiknings örorkutjóns, kr. 1.400.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómendum Jóni Sigurðssyni skipstjóra og Óla Barðdal seglasaumameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Samband íslenzkra samvinnufélaga vegna Skipadeildar S. Í. S., greiði stefnanda, Jóni Antoníussyni, kr. 160.581.54 með 6% ársvöxtum frá 26. júní 1957 til 22. febr. 1960, 8% ársvöxtum frá þeim degi til 29. des. 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. jan. 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 25.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. janúar 1967.

Nr. 247/1966. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Una Þóri Péturssyni

(Ragnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skirlífisbrot. Nauðgun.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í héraðsdómi. Eins og þar greinir, varðar atferli ákærða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir refsing hans, sbr. 78. gr.

sömu laga, hæfilega ákveðin fangelsi 2 ár. Ákærði sat í gæzluvarðhaldi frá 22. júní 1963 til 24. s. m., en eigi eru efni til frádráttar þess gæzluvarðhaldstíma frá refsingu ákærða, sbr. 76. gr. laga nr. 19/1940.

Bótakröfu X, sem nú er fjárráða orðin, kr. 50.000.00, er í hóf stillt. Ber því að taka kröfuna til greina að fullu, en án vaxta, þar sem þeirra hefur ekki verið krafizt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og hér fyrir dómi, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, samtals kr. 19.000.00, laun verjanda síns í héraði, kr. 7.000.00, og laun verjanda síns hér fyrir dómi, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Uni Þórir Pétursson, sæti fangelsi 2 ár.

Ákærði greiði X kr. 50.000.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, samtals kr. 19.000.00, málsvarnarlaun verjanda síns í héraði, Halldórs P. Jónssonar héraðsdómslögmanns, kr. 7.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Skagafjarðarsýslu 21. desember 1965.

Ár 1965, þriðjudaginn 21. desember, var í sakadómi Skagafjarðarsýslu, sem haldinn var í sýsluskrifstofunni á Sauðárkróki af Jóh. Salberg Guðmundssyni sýslumanni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 36/1963: Ákærvaldið gegn Una Þóri Péturssyni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. september s. l., er höfðað hér fyrir dómi með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 2. nóvember f. á., gegn ákærða, Una Þóri Péturssyni sjómanni, til heimilis að Hofsósi, fyrir nauðgun skv. 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa síðla kvölds föstudaginn 21. júní 1963 þröngvað stúlkunni X til holdlegs samræðis við sig með líkamlegu ofbeldi við Urriðalæk eftir að hafa ekið henni þangað

nauðugri frá Hofsósi. Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Hofsósi 19. marz 1942, og hefur sætt eftirtöldum kærur og refsingum, svo að vitað sé:

- 1960 25/7 í Skagafjarðarsýslu: Sátt, 500 króna sekt fyrir brot á 21. gr., sbr. 44. gr. áfengislaga og 257. gr. hegningarlaga.
- 1960 23/10 í Skagafjarðarsýslu: Sátt, 500 króna sekt fyrir brot á 21. gr., sbr. 44. gr. áfengislaga og 9. gr., sbr. 102. gr. lögreglusamþykktar nr. 71/1937.
- 1962 9/11 í Skagafjarðarsýslu: Sátt, 300 króna sekt fyrir brot á 21. gr., sbr. 44. gr. áfengislaga og 4. gr., sbr. 102. gr. lögreglusamþykktar Skagafjarðarsýslu.
- 1963 24/6 í Skagafjarðarsýslu: Sátt, 500 króna sekt fyrir brot á 2. mgr. 41. gr. og m lið 2. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 15. gr., sbr. 17. gr. laga um dýravernd nr. 21/1957.
- 1964 17/10 í Skagafjarðarsýslu: Dómur: 20 daga fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 106. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, 21. gr., sbr. 44. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 1. og 4. gr., sbr. 102. gr. lögreglusamþykktar fyrir Skagafjarðarsýslu nr. 71/1937. Greiði skaðabætur kr. 12.020.00.

Málavextir eru þeir, er hér á eftir greinir:

Þann 22. júní 1963 barst dómaranum kæra, er kærandi, X, hafði gert til hreppstjóra Hofsóshrepps og hann hafði samið skýrslu um, á hendur ákærða út af sakarefni því, er hér um ræðir. Í skýrslu þessari segir, að X hafi laust fyrir kl. 2200 þann 21. s. m. verið stödd við Söluskálann í Hofsósi. Kom ákærði þá þar í vörubifreið, og var með honum í bifreiðinni Björn Friðriks-son, Sælandi, Hofsósi. X bað ákærða að aka sér til Steinunnar Yngvadóttur að Kárastíg 16 þar á staðnum. Tók ákærði því vel, en þess í stað ók hann út úr þorpinu alla leið út að Urriðalæk þrátt fyrir ítrekaðar óskir kæranda, X, um, að hann sneri við. Við Urriðalæk ók ákærði út af veginum og ofan í malargryfju. Þar ók hann svo ofsalega, að X fleygði sér út úr bifreiðinni á ferð, án þess þó að hana sakaði. Hún neitaði að fara í bifreiðina aftur og ætlaði að fara heim og lagði af stað frá bifreiðinni. Fór ákærði þá á eftir henni og sagði henni að koma aftur í bifreiðina, og gerði hún það með því skilyrði, að hann æki gætilega

heim. Í stað þess lét ákærði téðan Björn Friðriksson taka við stjórn bifreiðarinnar, lét hann snúa við og aka lengra niður með læknum yfir móa og vegleysur. Varð X þá svo miður sín af ótta, að hún fór að gráta og kvaðst eigi öðru trúa en Björn sneri við og æki heim, en ákærði skipaði Birni að aka áfram, svo sem hann og gerði. Þegar hann komst eigi lengra á bifreiðinni, stöðvaði hann hana. Fór X þá út úr bifreiðinni. Kom ákærði þegar á eftir henni og skipaði henni að koma með mér. Þegar X neitaði að fara með ákærða, lagði hann hendur á hana og dró hana með sér niður með læknum. Þar hafði hann við hana samfarir að henni nauðugri. Síðan skipaði hann henni að fara í bifreiðina og ók henni heim.

Sama dag, sem þessi kæra barst, hófst rannsókn í málinu.

Kom fyrst fyrir dóm kærandi, X, sem er fædd ... 1945. Staðfesti hún kæru sína, en tók fram, að það hefði verið ágizkun sín, að klukkan hefði verið tæplega 2200, er hún hitti ákærða við Söluskálann í Hofsósi kvöldið áður. Hún staðhæfði, að nauðgunin hefði verið fullkomin. Kveðst hún hafa verið grátandi, er hún kom út úr bifreiðinni í síðara skiptið við Urriðalæk. Hafði hún þá orð á því, að hún ætlaði að fara gangandi heim. Var hún rétt lögð af stað, er ákærði kom á eftir henni og sagði, að hún færi ekki gangandi heim. Sagði hann þá við hana: „Nú fáum við okkur einn, X“. Hún kveðst þá hafa svarað: „Aldrei“. Þessi orðaskipti áttu sér stað í námunda við hús bifreiðarinnar, og var önnur hurð hennar opin. Gerði hún því ráð fyrir, að áður nefndur Björn Friðriksson hlyti að hafa heyrt þessi orð. Tók ákærði síðan í úlnið hennar og dró hana á eftir sér nokkurn spöl niður með læknum, unz þau voru komin í hvarf við bifreiðina. Skipaði ákærði henni þá að leggjast, en því neitaði hún, og lagði ákærði hana þá á grasið. Streittist hún á móti, sem hún mátti. Hún var svo klædd, sem hér segir: Yzt klæða var hún í kápu, þar undir að ofan í peysu og brjóstahaldara næst sér, en að neðan var hún yzt klæða í „galla“buxum með rennilás að framan og belti í streng buxanna, þar undir var hún í magabelti og uppháum sokkum, sem í það voru festir, og þar undir í leikfimisbuxum með teygju-streng um mittið og næst sér í crepe-nærbuxum með teygju-streng í mittið. Á fótum hafði hún kuldaskó. Er ákærði hafði fellt X á jörðina, tók hann að losa föt hennar, en hún barðist á móti og margbað hann að láta sig í friði, en hann sinnti því engu. X fann, að ákærði var henni miklu sterkari, enda tókst honum að toga í einu lagi allar buxur og magabelti niður um X, svo að

hún var ber frá mitti niður fyrir hné. Síðan hnepti ákærði frá sér buxnaklaufinni, tók út lim sinn og rak hann inn í kynfæri X. Í fyrstu fann hún til sársauka, sem síðan hvarf, og hafði ákærði svo samræðishreyfingar við X allengi, allt að 10 mínútum á að gizka, en eigi gerði hún sér grein fyrir, hvort hann felldi í hana sæði eða eigi. En meðan á samförunum stóð, reyndi X að snúa sig undan ákærða, barðist um eftir getu og margbað hann að hætta, án þess að hann sinnti andspyrnu og bónum hennar neinu. Þrátt fyrir þetta spurði ákærði X á eftir, hvort henni hefði fundizt samfarirnar góðar, en því neitaði X, enda kveður hún sér hafa fundizt þær viðbjóður og kvalræði. Að vísu kveðst hún aldrei hafa beðið Björn Friðriksson um hjálp né heldur hafi hún hljóðað og beðið um hjálp.

Að þessari skýrslu X fenginni, lagði dómariinn fyrir hana að fara til rannsóknar hjá lækni vegna þess, sem hér var um að ræða.

Skoðun á X fór fram sama dag hjá héraðslækninum, Valgarði F. Björnssyni, og segir svo í vottorði hans:

„Samkvæmt beiðni hreppstjóra Hofsóshrepps, Garðars Jónsonar, og samkvæmt beiðni og með fullu samþykki X, f. . . 1945, til heimilis . . . , Hofsósi, framkvæmdi ég skoðun á ofan nefndri X í lækningastofu minni á Hofsósi kl. 2230 hinn 22/6 1963. Skoðunin fór fram vegna meintrar nauðgunar við ofan nefnda X, er átti að hafa gerzt að kvöldi hins 21/6 1963. Sjúklingurinn kveðst ekki hafa verið „hrein mey“, áður en nauðgunin var gerð. Við skoðun kom eftirfarandi í ljós: Engir marblettir, afrifur, roði, bólga eða sár sjást eða finnast á ytri getnaðarfærum, introitus vagina (ytra opi skeiðar), vagina (skeið) eða á portio (neðsta hluta legháls). Hymen er rofið (meyjarhaft rofið), en algerlega gróið og eðlilegt, svo það hefur ekki getað gerzt hinn 21/6 1963. Introitus vagina tekur 3 fingur. Engir áverkar eða marblettir eru finnanlegir í kringum ytri getnaðarfæri, á lærum, fótleggjum eða kvið. Á vinstri upphandlegg fast ofan olnboga að aftan er að koma fram um tveggja króna stór marblettur.

Að öðru leyti ber stúlkan ekki merki um átök, og aðra áverka er ekki að finna“.

Ákærði var yfirheyrður sama dag, og viðurkenndi hann að hafa að beiðni X tekið hana upp í bifreið, er hann ók kvöldið áður, og lofað að aka henni út á „Hringbraut“. Var Björn Friðriksson þá í bifreiðinni með ákærða. Í stað þess að aka út á „Hringbraut“ ók ákærði upp með Hofsá, út Siglufjarðarveg

og út að Urriðalæk þrátt fyrir mótmæli X og beiðni hennar um, að snúið yrði við. Hefur ákærði viðurkennt, að X hafi fleygt sér út úr bifreiðinni á ferð, áður en hann stöðvaði hana við Urriðalæk. Taldi ákærði þá athöfn stafa af því, að hún væri „bílhædd“. Ákærði hefur þó viðurkennt, að X hafi, er hún kom aftur í bifreiðina, beðið um, að henni yrði ekið heim í Hofsós. Ók nú Björn Friðriksson, sem með ákærða var, bifreiðinni úr malargryfjunni, sem staðnæmzt hafði verið í, lengra niður með Urriðalæk yfir vegleysur. Viðurkennir ákærði, að X hafi beðið Björn að snúa við heim á leið og hafi Björn þá snúið bifreiðinni við. En ákærði kveðst eigi hafa viljað leyfa Birni að aka heim, þar sem hann hafði eigi ökuréttindi. Stöðvaði Björn bifreiðina að skipan ákærða. Síðan ók Björn enn að ósk ákærða lengra niður með læknum, unz ákærði sagði honum að nema staðar. Síðan er saga ákærða sú, að stúlkan hafi beðið hann að tala við sig og þau þá tvö farið niður fyrir allstóran hól, sem er við lækinn. Kveður hann erindi hennar hafa verið að biðja ákærða að aka Birni heim og fara svo með sér einni þar á eftir. Þetta kveðst hann eigi hafa viljað fallast á. Síðan kveðst ákærði hafa haft þarna samfarir við X með samþykki hennar án þess að fella í hana sæði.

Björn Ingimundur Friðriksson, fæddur 25. nóv. 1947 í Hofsósi, til heimilis að Sælandi í Hofsósi, sá, er var í bifreiðinni með ákærða, er X kom í hana, sem áður segir, hefur borið vitni í máli þessu sama dag og rannsókn hófst.

Er vætti hans á þá leið, að hann hafi umrætt kvöld verið með ákærða í truck-bifreið, sem hafi verið með A númeri. Klukkan á fyrri tímanum í 1100 námu þeir staðar við Shell-benzíntank í Hofsósi. Þar var þá stödd stúlkan X, sem bað um að fá að sitja í bifreiðinni út á Kárástíg 16. Leyfði ákærði það og lofaði að aka henni þangað. Er X var komin í bifreiðina, ók ákærði út Siglufjarðarveg. X margað ákærða að snúa við, en það vildi ákærði eigi gera, en ók þess í stað út að Urriðalæk. Þar ók hann út af veginum og ofan í malargryfju, sem er við lækinn. Þar ók hann allglannalega, og rétt áður en hann stöðvaði bifreiðina, fleygði X sér út úr henni. Vitnið tók þá í kápu X til þess að reyna að aftra falli, en hún lét sig falla úr kápunni og datt á jörðina. Fór ákærði þá út úr bifreiðinni, og heyrði vitnið hann þá segja við X: „Nú fáum við okkur einn lítinn, X“, en hún svaraði: „Nei, aldrei“. Var X farin að gráta og talaði um að fara gangandi heim. Ákærði mótmælti því og kvaðst mundu koma henni heim í bifreiðinni. Settist vitnið þá undir stýri bifreiðarinnar og sneri

henni við, og þegar þau ákærði og X voru sett í bifreiðina aftur, ætlaði vitnið að aka heim. Skipaði ákærði vitninu þá að aka lengra niður með Urriðalæk, og þorði vitnið eigi annað en gegna því. Þegar þau svo voru komin nærri hól, sem er skammt frá læknum, sagði ákærði vitninu að nema staðar, og gerði vitnið það. X var alltaf volandi og biðjandi um, að sér yrði ekið heim. Er bifreiðin var stöðvuð, fóru þau ákærði og X út úr bifreiðinni. Lagði X af stað heim á leið, en ákærði fór þá til hennar, tók í handleggi hennar og togaði hana með sér niður fyrir áðurnefndan hól. X stimpaðist á móti ákærða og bað hann að sleppa sér og láta sig vera í friði og var enn grátandi. Ákærði sinnti þessum bónum X engu. Sá vitnið þau hverfa þannig niður fyrir hólinn. Þar voru þau allengi, vart minna en 10 mínútur. Þegar þau X og ákærði komu aftur, var X þögul og hnuggin að sjá. Ók ákærði síðan með þau öll til Hofsóss.

Vitnið skýrir svo frá, að skammt fyrir utan svonefndan Hofsafleggjara, fyrir ofan Hofsós, hafi bifreiðin verið á fremur lítilli ferð og hafi X þá gert sig líklega til að stökkva út úr bifreiðinni og hafi stigið út á bretti hennar utan við hurðina, en þá hafi ákærði aukið mjög ferð bifreiðarinnar, svo að X þorði eigi annað en fara aftur inn í bifreiðina. Er hér greinilega átt við ferðina frá Hofsósi út að Urriðalæk. Þetta sama hefur kærandi, X, síðar borið í rannsókn málsins.

Vitnið hefur staðfest vætti sitt með eiði lögum samkvæmt.

Þegar ákærða þessu næst var sama dag lesin kæra X á hendur honum, þverneitaði hann sakaráburði. Var ákærði þá af öryggisástandum úrskurðaður í gæzluvarðhald, en næsta dag þar á eftir var rannsókn málsins fram haldið.

Í þinghaldi þá komu þau bæði fyrir dóm, X og ákærði, og voru samprófuð.

Kom þá í ljós, að þau X og ákærði hafa lengi verið nágrennar og tvisvar áður haft saman samfarir. Í fyrra skiptið atvikaðist það þannig að sögn X, að hún var á berjamó fyrir utan og ofan Hofsós með hálf systur ákærða, er hann fór fram hjá þeim með öðrum pilti áleiðis til Hofsóss, og voru þeir á hjólhestum. Skömmu síðar kom ákærði einn aftur á hjólhesti og stanzaði hjá þeim. Skipaði hann þeim þá að leyfa honum samfarir við þær. Segir X, að þeim stúlkunum hafi staðið svo ótti af ákærða, að þær hafi eigi þorað annað en leyfa honum það, sem hann vildi, og hafi hann haft samfarir við þær báðar, hvora eftir aðra, fyrst við X og síðan við hálf systur ákærða. Eigi gerir X sér grein fyrir, hvort

ákærði felldi þá í hana sæði. Kveðst hún hafa verið 10—11 ára gömul, er þetta átti sér stað. Ákærði hefur viðurkennt þetta rétt vera, að hann hafi haft samfarir við X við þær aðstæður, sem hún hefur lýst, nema hvað hann telur, að hún hafi verið eldri en hún hefur greint, sennilega 12—14 ára. Hins vegar neitar hann að hafa haft samfarir við hálf systur sína sama sinn. Heldur ákærði því fram, að samfarirnar við X hafi átt sér stað með samþykki hennar.

Í síðara skiptið voru atvik til samfara þeirra X og ákærða þau, að ákærði ók X í bifreið með öðru fólki frá Hofsósi til Sauðárskróks haustið 1961. Nokkru eftir að samferðafólkið var farið úr bifreiðinni á Sauðárkróki, ók ákærði X að hennar sögn upp að sjúkrahúsinu, sem er á Sauðárhæðum fyrir sunnan bæinn, og síðan skv. samhljóða framburði beggja suður fyrir bæinn Sauða. Þar hafði ákærði samfarir við X í bifreiðinni, sem hann hafði ekið. Hann heldur því fram, að samfarirnar hafi átt sér stað með hennar samþykki, en hún kveðst hafa látið þær eftir af ótta við ákærða án þess þó að bera fram mótmæli.

Við sampröfun þeirra X og ákærða hefur hann viðurkennt nokkur atriði í kæru og framburði X, þau, er hann áður hafði synjað fyrir. M. a. hefur hann fallið frá þeim framburði sínum, að X hafi beðið hann að aka Birni Friðrikssyni heim frá Urriðalæk, svo að þau ákærði og X gætu verið ein saman. Hann hefur og viðurkennt að hafa átt frumkvæði að því, að þau fóru niður fyrir hólinn við Urriðalæk, og vill hann eigi synja fyrir að hafa togað X þangað á öðrum úlnið hennar.

X hefur staðfest framburð sinn með eiði lögum samkvæmt.

Þegar athuguð eru framangreind atvik máls þessa, er það áberandi, að ákærði hefur sýnt af sér ofbeldislega framkomu við X og ítrekað látið hana finna yfirburði sína við þær aðstæður, sem fyrir hendi voru. X hefur greinilega verið hrædd við ákærða og miður sín af ótta, hún var grátandi og sífellt að biðja hann að fara með sig heim og láta sig í friði, og samfarirnar við hann lýsir hún viðbjóð og kvalræði. Þótt ákærða hafi áður tekizt að hafa tvisvar sinnum samfarir við X, í bæði skiptin, er hún raunar var barn að aldri, réttlætir slíkt á engan hátt framkomu hans, er hann hafði við hana samfarir við Urriðalæk og út af er kært. Hann neytti þar yfirburða sinna og neyddi X með því að toga í úlnið hennar til þess að fara með sér niður með læknum. Hún hvarf þar úr augsýn vitnisins, sem nærstatt var, grátandi með ákærða niður fyrir hól, sem var við lækinn. Þar hafði

ákærði samfarir við X að henni nauðugri að hennar sögn, enda lét hann áður þau orð falla, er benda til þess, að hann hafi ætlað sér að ná þeim tilgangi sínum, auk þess sem önnur atriði benda til hins sama. Framburður X er allur sennilegri en ákærða, og þótti því rétt að gefa henni kost á að staðfesta framburðinn með eiði, svo sem áður greinir.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, þykir nægilega sannað, að ákærði hafi í umrætt sinn þröngvað stúlkunni X til holdlegs samræðis við sig með líkamlegu ofbeldi. Hefur hann með því gerzt sekur um nauðgun og brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi eitt ár, en eftir öllum atvikum þykir rétt að ákveða, að fresta skuli fullnustu refsingarinnar og niður skuli hún falla að 5 árum liðnum, verði skilorð VI. kafla alm. hegningarlaga nr. 19/1940 haldið, sbr. lög nr. 22/1955.

Samkvæmt þessu ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun hér fyrir dómi, kr. 4.500.00, til ríkissjóðs og málflutningslaun skipaðs verjanda, Halldórs Þ. Jónssonar héraðsdómslögmanns, kr. 4.500.00.

Faðir X, sem eigi er fullveðja, hefur krafizt miskabóta henni til handa, allt að kr. 50.000.00. Verður að líta svo á, að henni beri bætur fyrir ofbeldi það, er hún hefur orðið fyrir af hendi ákærða, og þykja þær bætur eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 35.000.00. Verður ákærði því dæmdur til að greiða X þá bótafjárhæð.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppsögu dóms í máli þessu, og stafar hann af annríki dómarans við önnur embættisstörf.

Dómsorð:

Ákærði, Uni Þórir Pétursson, sæti fangelsi eitt ár, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla að 5 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 4.500.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Halldórs Þ. Jónssonar héraðsdómslögmanns, kr. 4.500.00.

Ákærði greiði kr. 35.000.00 til X.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.